

Svæðisráð foreldrafélaga leikskóla í Garðabæ.

Stofnsamþykkt

Svæðisráð foreldrafélaga leikskóla í Garðabæ er hér með stofnað. Svæðisráðið er samstarfsvettvangur og málsvari foreldra leikskólabarna í bænum.

Hlutverk svæðisráðs er einkum að vinna að sameiginlegum málefnum sem varða leikskólana, gæta hagsmuna foreldrafélaga og foreldraráða gagnvart bæjaryfirvöldum, styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í leikskólamállum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og leikskóla Garðabæjar.

Svæðisráð getur gefið umsagnir um mál sem varða starfsemi leikskólanna og er sameiginlegur málsvari foreldrafélaga og foreldraráða við bæjaryfirvöld.

Svæðisráðið skal gera foreldrafulltrúum kleift að vera í nánu sambandi og fylgjast með því helsta sem fram fer í leikskólunum og vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um leikskóla- og fjölskyldumál.

Svæðisráðið skal velja fulltrúa úr sínum röðum sem situr sem áheyrnarfulltrúi á fundum leikskólanefndar Garðabæjar.






Svæðisráð skal fjalla um og veita álit á fyrirhuguðum breytingum á gjaldskrá leikskóla og framlögum Garðabæjar til rekstur leikskóla bæjarins í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert fjárhagsár.

Svæðisráð skal reka erindi einstakra foreldraráða eða foreldrafélaga gagnvart bæjaryfirvöldum ef viðkomandi félag óskar þess.

Svæðisráð skal beita sér fyrir að fræðslu sé reglulega miðlað til foreldra leikskólabarna m.a. með reglulegum fræðslu- eða umræðufundum í samvinnu við Garðabæ og foreldrafélög leikskólanna. Leitast skal við að halda slíka fundi a.m.k. einu sinni á ári og hafa þá opna almenningi eftir því sem við á.

Svæðisráð annast samskipti við landssamtök og svæðasambönd foreldrafélaga og foreldraráða og skipar fulltrúa í slík samtök ef við á.

Svæðisráð kys sér stjórn, skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur. Breytingar á starfsreglum þurfa samþykki minnst $\frac{3}{4}$ hluta svæðisráðsmanna.


Davíð Simar

Hanna María Pálmaðóttir

Sanna P. Magnúsdóttir

Elín Dyr Jón
SIGRÚN S. LOGAD.
Helena Erlingsd.


Þannig samþykkt á stofnfundi,
Garðabæ, 5. maí 2010